



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík

sími: 545 8700 hrn@hrn.is

stjornarradid.is

Reykjavík 14. maí 2020

Tilv.: HRN20050132/06.50.01

Efni: Skipunarbréf.

Heilbrigðisráðherra skipar þig hér með formann verkefnisstjórnar um ferðatakmarkanir vegna Covid-19. Verkefnið snýst um sýnatöku og greiningu sýna m.t.t. Covid-19 við komu farþega til landsins.

Formaður verkefnisstjórnarinnar er Hildur Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á Landspítala. Aðrir í stjórninni eru fulltrúar sóttvarnalæknis, ríkislögreglustjóra, ISAVIA, veirufræðideildar Landspítala og lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

- Verkefnið á að hefjast ekki síðar en 15. júní og standa í 2 vikur – meta á síðan framhald þess.
- Markmiðið er að sýni verði tekin úr öllum farþegum sem koma til Íslands um Keflavíkurflugvöll og ekki kjósa að fara í sóttkví eða framvísa vottorði sem sóttvarnalæknir metur jafngilt. Sýnin skulu greind með tilliti til Covid-19 smits á veirufræðideild Landspítala.
- Verkefnisstjórnin geri jafnframt tillögur um framkvæmd verkefnisins gagnvart farþegum sem koma til landsins eftir öðrum leiðum.
- Enn fremur skal greina hvaða kröfur þarf að gera til vottorða/rannsóknarniðurstaða frá öðrum löndum og hvernig þeim skal framvísað og þau metin af hælendum yfirvöldum.
- Þá skal móta ferla fyrir komu farþega til landsins allt frá því ferð er bókuð uns þeir fá tilkynningu um niðurstöðu greiningar á sýni, þ.m.t. öflun samþykkis fyrir töku sýna og notkunar á forritum í síma og meðferð sýna að greiningu lokinni.
- Verkferlar og afköst skulu miðast við allt að 1000 sýni á dag.
- Sýni skulu send án tafar á veirufræðideild LSH og greining sýna skal liggja fyrir innan 5 klst.
- Stefnt skal að því að heildarkostnaður við hvert sýni verði ekki hærri en 50.000 kr.
- Stefnt skal að því að byggja á mönnun veirufræðideildar LSH, Lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og Isavia.
- Gera skal stýrihópi ráðuneytisstjóra grein fyrir framgangi verkefnisins vikulega.

Verkefnisstjórninni er falið að undirbúa verkefnið og annast framkvæmd þess. Undirbúningur skal hefjast 18. maí næstkomandi. Áætlun með ítarlegri verk- og tímaáætlun ásamt kostnaðaráætlun skal liggja fyrir eigi síðar en 25. maí næstkomandi.

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Ásta Valdimarsdóttir
ráðuneytisstjóri